

Tilgangur og gildissvið

Jafnlaunastjórnunarkerfi nær til alls starfsfólks. Starfsmaður er sá sem hefur gildandi ráðningarsamband við Þjóðskjalasafn Íslands. Kerfið nær ekki til verktaka né þeirra sem vinna tímavinnu.

Jafnlaunastefna

Starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands skulu tryggð þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjar- og stofnanasamninga og tryggi að sömu laun og sömu kjör séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Störf skulu taka mið af þeim kröfum sem þau gera og laun skulu ákvörðuð í samræmi við kröfur starfa óháð kyni.

Til þess að fylgja jafnlaunastefnu eftir skuldbindur Þjóðskjalasafn sig til að:

- Skjalfesta og viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 auk þess að stuðla að forvörum á kerfinu.
- Viðhalda skal vottun í samræmi við gildandi lagareglur á hverjum tíma og bregðast við frábrigðum og athugasemdum þegar þau koma upp.
- Flokka störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og til að athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna fyrir starfsfólki niðurstöður árlegrar launagreiningar sem er til úttekta nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítungu við lög árlega.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Framkvæma rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki árlega og skal hún vera aðgengileg á ytri vef.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna. Mannauðs- og gæðastjóri er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.